



# Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur – Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður – kt. 640269-6779 – sími: 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 23. febrúar 2022

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 09.02.2022 þar sem Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, mál nr. 93. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hún sé nær óbreytt frá þingsályktunartillögu sem var lögð fram um sama efni á 151. löggjafarþingi og var 640. mál þess þings.

Tálknafjarðarhreppur veitti umsögn til Atvinnuveganefndar Alþingis við 640. mál 151. löggjafarþings í erindi dags. 26.05.2021. Það sem þar kom fram á enn við í dag og því er innihald þessara umsagnar að mörgu leyti samhljóma þeirri eldri. Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis er nauðsynleg og því er ánægjuefni að þingsályktunartillagan sé lögð fram að nýju. Bæði fiskeldissveitarfélög og fyrirtæki í fiskeldi kalla eftir því að starfsumhverfi greinarinnar sé skýrara og gegnsærri en það er í dag.

Fyrir sveitarfélögin skiptir megin máli að þeim sé tryggður eðlilegur hluti af opinberri gjaldtöku af greininni til að geta staðið undir undir þeirri innviðauppyggingu sem er nauðsynleg vegna þessarar nýju og ört vaxandi atvinnugreinar hér á Íslandi. Sveitarfélög eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar sem þurfa sterka og fyrirsjáanlega tekjustofna til að geta staðið undir verkefnum sínum. Því tengt er hægt að benda á að sveitarfélög, þar á meðal Tálknafjarðarhreppur, hafa áður gert grein fyrir þeirri afstöðu sinni að endurskoða þurfi það fyrirkomulag sem fylgir því að útteila fjármagni í gegnum Fiskeldissjóð líkt og gert er í dag. Ekki verður farið efnislega í þá gagnrýni í þessari umsögn en þó rétt að benda á að í Noregi er að finna fyrirkomulag í þessum efnislika sem Íslendingar eiga vel að geta tekið sér til fyrirmyndar. Þar renna gjöld sem greidd eru af sjókvíum milliliðalaust til þeirra sveitarfélaga sem kostnað bera vegna þeirra.

Í umsögn frá Tálknafjarðarhreppi er ekki annað hægt en að benda á mikilvægi þess að málefni seiðaeldisstöðva séu höfð með þegar laga- og reglugerðarumhverfi fiskeldis er tekið til endurskoðunar. Við Tálknafjörð eru tvær seiðaeldisstöðvar starfandi og standa þær báðar við Tálknafjarðarhöfn. Fyrirtækin sem þær reka hafa haldið á lofti efasemdum um réttmæti á gjaldtöku hafnarsjóðs af seiðaeldisflutningum sem fara um hafnarsvæðið. Slík staða er ekki boðleg, hvorki fyrir sveitarfélög né rekstraraðila, og því mikilvægt að þessi mikilvægi þáttur í starfsemi sjókvíaeldis gleymist ekki þegar lög og reglur eru teknar til endurskoðunar.

Að lokum er rétt að benda á mikilvægi þess að sveitarfélögum sem tryggður fulltrúi eða fulltrúar í starfshópi sem fjallar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri

